

# JÓL

FIMMTUDAGUR 21. DESEMBER 2017

Tíska



Það er einstök tilfinning að leggjast til hvílu í nýjum og hreinum rúmfötum. Þessi grátóna rúmföt frá Calvin Klein eru straufri, silkimjúk og yndisleg.

## Draumur á jólanótt

Unaðslegur nætursvefn er tryggður á jólanótt með rúmfötum, kodda eða sæng frá Betra baki, og undurgott að stíga úthvöldur fram úr í hlýjan náttslöpp og heilsuinniskó á jóladagsmorgun; vitandi að jólasælan er rétt að byrja. ➔2

Tíundi var **Gluggagægir**. Hann gægdist á gluggana til að sjá hvort hann sæi eitthvað girnilegt inni. Jólasveinastytta KR. 2.990.-

3 dagar til jóla

**icemart**  
LAUGAVEGUR 89 • S: 585 0507



JÓLIN ERU  
SKEMMTILEGASTI  
TÍMI ÁRSINS!

*Fallegt, fágað og töff*

comma,  
SMÁRALIND

## Framhald af forsiðu →

Sængurfatnaður er hlýleg jólagjöf og undurgott að sofna á jólanótt með nýja sæng. Maður finnur svo góðan mun og sanna sælu,“ segir Hafðis Hrönn Reynisdóttir, verslunarstjóri í Betra baki, þar sem stemningin er einkar jólaleg nú síðustu dagana fyrir jól, enda verið að velja notalegan varning í jólapakkana fyrir náðugustu stundir heimilislífsins.

„Sumir halda ekki einu sinni jól nema með nýju laki frá okkur,“ segir Hafðis og handfatar silki-mjúkt bómullarteygjulak frá Bella Donna sem fæðmar dýnuna að sér og er blandað með aloe vera-geli sem gerir lakið einstaklega mjúkt viðkomu.

„Lökin eru algjört undur og hreinasti lúxus. Við steinhættum að bjóða upp á önnur lök því að viðskiptavinirnir vildu ekkert nema Bella Donna. Búið er að forþvo lökin sem er mikill kostur fyrir jólin, að geta sett þau beint á rúmin. Þá lofa rúmfötin okkar dásamlegri slökun og nætursvefni, auk þess að vera mikið augnayndi og straufrí úr silki og egypskri bómull frá Boss, Calvin Klein, Kenzo og Elegante,“ segir Hafðis og náttlopparnir frá Boss og Calvin Klein hitta líka alla í hjartastað.

Undri er hin fullkomna jólagjöf. Inniskórnir draga úr spennu, örva blóðflæði og veita örvun frá mjöðmum upp í höfuð með fimm svæða nuddinnleggi.

Hafðis Hrönn Reynisdóttir

## Þriðjungur ævinnar í rúminu

Betra bak er rómuð verslun fyrir undursamleg rúm en margir verða hessa þegar þeir finna þar breiða línu húsgagna og hvers kyns húsbúnað fyrir heimilið.

„Við erum með gullfalleg teppi, ómótstæðileg jólaílmkerti frá Ralph Lauren, æðislega hægindastóla og yndislega mjúk og falleg rúmteppi í bland við undurfagra rúmgafla, náttborð og sófasett,“ segir Hafðis og rétt tæpir á úrvalinu.

„Við erum með dýrindis gormadýnur og Tempur-dýnur í öllum verðflokkum, stillanleg og venjuleg rúm, og úrval rúmgafla sem hægt er að velja í stíl við heimilið. Allt sendum við svo heim og gerum tilbúið,“ segir Hafðis sem í Betra baki er með allt fyrir svefnherbergjið.

„Æ fleiri átta sig á því að þeir verja einum þriðja ævi sinnar í rúminu og að gott rúm skilar sér ávallt í bættri heilsu og betri svefni. Að velja sér nýtt rúm er þó ekki daglegt brauð og við leggjum áherslu á að fólk njóti ánægjulegrar upplifunar við val á rúmi,“ segir Hafðis sem leiðbeinir viðskiptavinum við að finna dýnur sem henta líkama þeirra best þegar kemur að styrkleika og mýkt.

„Fyrir jólin er vinsælt hjá þörum að velja sér veglegri hluti í sameiginlega og rómantiska jólagjöf, og mörg hjón hafa komið og keypt sér nýtt rúm til að sofa vel í og hafa það yndislegt saman um jólin,“ segir Hafðis.



Starfsfólk Betra baks er þrautreynt í því að liðsinna viðskiptavinum við kaup á réttu dýnu. Frá vinstri: Elvar Freyr, Hafðis Hrönn, Herdis og Teitur.



Heilsuinniskórnir Undri lofa slökun og velliðan með fimm svæða innleggi.



Sófasett og hvers kyns húsbúnaður fæst í Betra baki.

## Fullkomin gjöf

Heilsuinniskórnir Undri slógu í gegn hjá Betra baki um síðustu jól og seldust upp fyrir hátíðarnar. Voru gefin út hundruð korta fram að jólum á meðan beðið var eftir nýrri sendingu sem barst á milli jóla og nýárs, en Hafðis pantaði þrefalt magn af Undra fyrir komandi jól.


Náttloppar frá Boss og Calvin Klein eru ljúfar og vinsælar jólagjafir.

„Undri er hin fullkomna jólagjöf,“ segir Hafðis. „Skórnir draga úr spennu, örva blóðflæði og veita örvun frá mjöðmum upp í höfuð með fimm svæða innleggi sem þrýstir undir ilina og líkir eftir kinnversku nuddi í gegnum fimm taugapunkta á ilinni,“ útskýrir Hafðis um Undra sem er íslensk hönnun með nuddinnleggi frá virtum, þýskum framleiðanda. „Við völdum nafnið á skóna, útlitið og efnið, sem er merinóull, og unnum skóna í samstarfi við stoðtækjafræðing svo að velliðan og slökun yrði alger.“

Sívinsæl jólagjöf úr Betra baki er Tempur-koddi sem lagar sig að hita



Sængurföt og jólaílmur frá Ralph Lauren eru vel þegnar jólagjafir.



Dýrindis gormadýnur og Tempur-dýnur fást í öllum verðflokkum.

og þyngd þess sem á honum hvílir. „Tempur aðlagast öxlum og hálsi og heldur hryggslunni í beinni línu með óskertu blóðflæði. Þeir sem einu sinni eignast Tempur-kodda vilja ekki annað enda fæst ekki jafn góður stuðningur í neinum öðrum koddum,“ segir Hafðis.

Sængurnar í Betra baki rjúka líka út í jólapakkana. Vinsælustu sængurnar eru hitajöfnunarsængin Tempurakon og sæng úr 100 prósent gæsadún.

„Tempurakon nýtur verðskuld aðra vinsælda enda heldur hún alltaf réttu hitastigi og er aldrei of heit né of köld en þó úr 90

prósent dún ef verða skyldi mjög kalt. Gæsadúnsængin er dásamlega laufflét, umvefjandi og hlý, og maður upplifir einstaka velliðan og þægindi með nýrri og vandaðri sæng á þreyttum kroppnum,“ segir Hafðis.

Betra bak er opið til klukkan 20 í kvöld og annað kvöld, og til klukkan 22 á Þorláksmessu. Þar er þjónustan fyrsta flokks og tekið hlýlega á móti viðskiptavinum í jólalegri versluninni.

Betra bak er í Faxafeni 5 í Reykjavík og á Akureyri og Ísafirði. Sími 5 888 477. Sjá nánar á betrabak.is



  
**MOS MOSH**

*hjá*  
**Hrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)



# Tímalaust með tvisti

Anna Hafberg fylgir eigin innsæi þegar kemur að tisku. Hún er þekkt fyrir klassiskan stíl með smá tvisti og kýs að kaupa fót í heimabyggð.

Sigríður Inga Sigurðardóttir  
sigriduringa@365.is



Ég myndi lýsa mínum eigin fatastíl þannig að hann er alls konar og fer eftir skapi, veðri og vindum. Einhver lýsti honum sem klassískum en með smá tvisti en ég fylgi oftast eigin innsæi," segir Anna Hafberg hjúkrunarfræðingur sem starfar hjá TM Software við að þróa rafræna sjúkraskrárkerfið Sögu.

## Á enn 25-30 ára gamla skó úr Evu

Aðspurð segist Anna helst kaupa fötin sín á útsölum, hvar sem er.



„Buxurnar eru keyptar í steikjandi hita í Curacao, merkið heitir Bamali. Blúndutoppur er frá Evuklæðum, keyptur í Ræmunni í Kópavoginum. Kápan er keypt í Cos, eftir að hafa séða hana í einu landi en ekki keypt, séð eftir því og hún keypt í næstu ferð til London, kennir manni að kaupa strax.“ MYNDIR/ANTON BRINK



Þegar hún er stödd í útlöndum lítur hún gjarnan við í Cos og Uniqlo og skoðar hvað þar er í boði. „Cos er eftirlætisverslunin mín í útlöndum en hér heima reyni ég að eignast það sem íslenskir hönnuðir eru að gera. Uppáhaldsbuxurnar mínar eru frá Jónu Maríu og ég á topp frá Ræmunni, sem ég held mikið upp á. Maður á náttúrulega að versla í heimabyggð. Annars á ég fót mjög lengi, svo ég tali nú ekki um skó. Ég á til dæmis enn þá skó sem keyptir voru fyrir 25-30 árum í Evu, sem þá var og hét. Síðan hef ég verið svo heppin að fallegustu fötin mín hafa verið sérsaumuð á mig, bæði af mömmu sem saumaði á mig öll fót í upphafi og langt fram eftir aldri, og Petru Jónsdóttur skraddara sem saumaði til dæmis brúdarkjólinn minn,“ segir hún.

## Gamla flauelsdragtin aftur í tisku

Hvaða fót eru í mestu upphaldi hjá þér? „Þægileg fót eru í mestu upphaldi hjá mér. Ég á til dæmis svartan kjól sem ég fékk hjá Rakel Hafberg, bróðurdóttur minni, og ég nota hann mikið við ýmis tilefni. Hann er mjög hlýr og því hentar vel að klæðast honum þegar ég syng í köldum kirkjum, en ég syng með Dómkirkjukórnum. Ég get ekki undanskilið flauelsdragt sem var saumuð á mig um árið, hún kemur aftur og aftur í tisku. Ég gæti haldið endalaust áfram og held mögulega að allt í fataskápnum sé í upphaldi.“

Anna notar fylgihluti ekki mikið, fyrir utan eyrnalokka dagsdaglega. „Ég bý vel að því að eiga lístrænt fólk að, pabbi, bróðir minn og bróðurdóttir hafa öll gert þá hluti sem ég nota mest spari.“

## Hrifst af fólki með eigin stíl

Hvað tiskufyrirmynd varðar segist Anna helst hrifast af fólki sem fylgir sínum eigin stíl og hleypur ekki á eftir öllum nýjustu tiskustraumum. Þegar hún er spurð út í bestu og verstu fatakaupin segir hún að bestu kaupin séu klárlega fyrrnefndur ullarkjöll frá Rakel Hafberg, enda noti hún hann mikið bæði fint og hversdags. „Allir skórnir mínir eru bestu kaup, mögulega eru einhver skókaup þau verstu ef



„Silfrið er gert af pabba mínum og elsta bróður, heimasmið. Eggíð og eyrnalokkarnir er Smyrilvarpið, nota það endalaust,“ segir Anna.



Ullarkjöllinn er frá Rakel Hafberg.

þeir hafa ekki verið þægilegir. Annars hafa hlutir tilhneigingu til að verða verstu kaup þegar þeir detta alfarið úr tisku. Það var erfitt að eiga fót frá 9. áratugnum lengi, axlapúðarnir eltust ekki vel og erfitt að nota fötin þótt þeir væru teknir úr.“

„Allir skórnir mínir eru bestu kaup, mögulega eru einhver kaup þau verstu ef þeir hafa ekki verið þægilegir. Annars hafa hlutir tilhneigingu til að verða verstu kaup þegar þeir detta alfarið úr tisku. Þeir væru teknir úr.“

## Skósafnið í upphaldi

Finnst þér gaman að klæða þig upp á? „Já, en ég geri allt of lítið af því. Það virðast vera æ færri tækifæri til þess. Hér áður fyrr átti ég það til að klæða mig upp á bara fyrir bioferð, nú fer maður varla í bio. En ég sækir tónleika af töluverðum mód og reyni þá að skipta allavega um fót.“

Hvaða flík gætir þú ekki verið án? „Ég er að reyna að aftengja mig fötum á þann hátt. Í raun þarf ég bara hlý fót á veturna og léttari um sumar, en vissulega gengur verr að losa sig við sumt en annað. Ætli ég nefni ekki bara skósafnið sem upphalds.“

Færðu þér nýja flík fyrir veturinn eða sumarið? „Ég fæ mér reglulega eitthvað nýtt, já, ætli það sé ekki óhætt að segja það og jafnvel flik eða tvær þar á milli.“

**SIGURBOGINN**  
SNYRTI- OG TISKUVÖRUVESLUN

LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

# FELDUR

verkstæði

REYKJAVÍK, ICELAND



SKJÓL  
leður húfa með silfur ref  
35.800 kr.



EIR  
úlpa m. refa skinni  
158.000 kr.



VINDUR  
rauðrefs trefill  
15.500 kr.



BYLCJA  
silfur refs kragi  
26.400 kr.



JANA  
mokka kápa  
248.000 kr.



BLÁSTUR  
mokka lúffur  
5.800 kr.



FROST  
selskinns húfa m. úlfa skinni  
44.200 kr.



ÖSP  
blárefs jakki  
138.000 kr.

# Uppáhaldsjakki frá Edinborg

Erla Ragnarsdóttir, söngkona í Dúkkulisunum og aðstoðarskólameistari Flensborgarskóla, hefur í nógu að snúast þessa dagana og svarti jakkinn hennar mun nýtast við öll þessi tækifæri.

Brynhildur  
Björnsdóttir  
brynhildur@365.is



**E**itthvert sérstakt tímabil sem þú tengir við í tískunni? Já, ég hef alltaf verið veik fyrir vintagetískunni, sérstaklega kjólum frá 7. áratugnum. Afar heppilegt þegar ég bjó í Berlín en finna mátti margar litlar vintage-búðir í hliðargötunum í hverfinu mínu. Þar voru nú gerð mörg góð kjólakaupin.

**Áttu tískufyrirmynd?** Nei, enga sérstaka. Nema þá kannski mómmu, hún er alltaf í stíl, kaupir vandaðar flíkur og lætur jafnvel sauma á sig. Hún er alltaf svo fin og smart.

**Hvernig fót kaupir þú oftast?** Ég hef með árunum reynt að draga úr fatakaupum og kaupi frekar vandaðri flíkur sem duga lengur. Klassísk snið verða oftast fyrir valinu, í svörtu, hvítu og bláu.

**Hvar kaupir þú fót?** Mjög misjafnt, fer gjarnan í Cos og & Other stories þegar ég er erlendis. Einnig í Massimo Dutti. En skemmtilegastar eru litlar hönnunarbúðir með öðruvísi fötum. Mér finnst afar skemmtilegt að versla til dæmis í Hollandi. Hér heima fer ég stundum í Spúútnik, Evu, Yeoman, Kron Kron og Maia. Svo finnst mér gaman að fara í íþrótt- og útivistarbúðir, þar missi



Erla Ragnarsdóttir, söngkona og aðstoðarskólameistari, keypti þennan jakka í Edinborg og hefur notað hann við fjölmörg tækifæri síðan. MYND/EYÞÓR

**13.990**  
**GALLAJAKKI**

**GEFÐU**  
**Levi's**  
**Í JÓLAGJÖF**

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi



Erla er hrifin af hönnun þrjónasnillingsins Philippes Clause frá Seyðisfirði.

ég mig og kaupi á alla fjölskylduna.

**Finnst þér skemmtilegt að kaupa fót?** Já, og mér finnst það skemmtilegra með aldrinum. Ég er orðin svo snögg að spotta það sem mér finnst smart og ég þekki vel minn stíl.

**Finnst þér gaman að klæða þig upp á?** Já, mjög gaman en ég geri nú ekki nógu mikið af því. Vinnufötin taka stundum alveg yfir en þegar ég tek mig til þá elska ég að fara í kjól, pinna upp hárið og setja á mig varalit.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Svarti jakkinn minn. Klassískur og töff. Ég er alltaf jafn fin í honum. Hann er þessi dæmigerða tímalausa flík og passar við allt. Mamma saup hveljur þegar ég keypti hann á Queen Street í Edinborg, hann var svo dýr en hann hefur margborgað sig.

**Áttu þér uppáhaldshönnuð?** Filippa K er einn af mínum uppáhalds og sparikjöllinn minn er einmitt frá henni. Einföld, látlaus og klæðileg lína. Svo lætur maður sig dreyma um Chanel, svarti stutti kjöllinn er alltaf klassískur og þessi fallegi dökkblái litur sem er svo ein-kennandi fyrir Chanel er algjörlega bjúttífúl.

**Ertu veik fyrir aukahlutum?** Nei, svo sannarlega ekki. Jú, bíddu – fyrir húfum! Á alls konar húfur, af öllum stærðum og gerðum og litum.

**Hvað kaupirðu þótt þú eigir nóg af**

**því?** Húfur! Og jakka og varaliti

**Áttu uppáhaldsskó?** Já, ég keypti mér alvöru senjorituskó þegar ég bjó í Sevilla. Opnir að framan, með háum pinnahæl, svartri lakkslaufu og ökklabandi – Olé!

**Einhver skemmtileg saga sem tengist fatakaupum?** Ég á afar fallegan hettukraga sem Philippe Clause, franskur hönnuður sem býr á Seyðisfirði, þrjónaði. Ég keypti hann í Skaffelli, myndlistarmiðstöð þeirra Seyðisfirðinga, og það skemmtilegasta við hann er að hann tengir mann rakleitt austur. Ég hef til dæmis verið á rokktonleikum með hettuna góðu og þar var kallað í mannmergðinni Seyðisfjörður! og við vorum þrjú sem rákum upp óp, öll berandi þrjónasníld Philippes um hálsinn.

**Hvað er á döfinni hjá þér núna?** Á morgun erum við að brautskrá stúdentsefnið okkar í Flensborgarskólanum. Útskrift á jolum er alltaf mjög hátíðleg. Um kvöldið eru svo jólatónleikar Dómkórsins. Það er ákveðin stemning að syngja í kirkjunni svona seint að kvöldi, en tónleikarnir hefjast klukkan 22, um leið og búðum er lokað. Tónleikagestir koma því gjarnan eftir bæjar-röltið, njóta þess að slaka og hlusta á falleg jólalög, hefðbundin sem ný, íslensk og erlend í bland.

**Hvað er fram undan?** Dásamlegt jólafrí með fjölskyldunni.



Mikið úrval af hágæða vetrarfátnaði í jólapakkann!



Norsk ullarnærföt úr einstaklega mjúkri og teygjanlegri 100% merino ull



Peysa kr.11.990.- Buxur kr.10.990.-

# Gleðigjöf!



Falleg hátíðardress

Rita



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Við hoppum inn í hækkandi sól  
25% afsláttur af öllum íþróttafatnaði

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

# Jóladressið verður úr flaueli

Vinsælasta efnið um þessar mundir er slétt flauel. Stjörnurnar sjást þessa dagana klæddar drögtum, kjólum eða pilsum úr flaueli. Flestir litir virðast vera gjaldgengir og ljóst þykir hvernig jóla- eða áramótakjöllinn verður að þessu sinni.

Eftir því er tekið hversu margar Hollywood-stjörnur klæðast flaueli þessa dagana. Ástralska leikkonan Nicole Kidman var í fallegum Armani-flauelskjól þegar BAFTA-verðlaunin voru afhent. Victoria Beckham klæddist grænu flauelspils í New York á dögnum og Lady Gaga sást í svörtum flauelskjól. Eleanor Tomlinson, sem leikur í Poldark, sást í vínrauðum flauelssamfestingi og fyrirsætan Eva Herzigova klæddist flauelsdragt í Feneyjum nýlega. Þá var leikkonan Keira Knightley í vínrauðum flauelskjól frá Valentino í Róm.

Allar stjörnurnar klæðast flaueli þessa dagana og því er engin spurning að jóladressið verður úr flaueli.



Glæsilegur gulur flauelskjól frá Cedric Charlier sem sýndur var í Milanó.



Glæsilegur samfestingur frá Oscar de la Renta & Monse sem sýndur var í New York þegar vetrartískan 2017-2018 var kynnt.



Glæsilegur kjöll frá Jason Wu sem sýndur var í New York.



Ótrúlega falleg spari dragt frá Oscar de la Renta & Monse.



Altuzarra sýndi þessa dragt í New York.



# Jólagjöfina færðu í Bókabúð Máls og menningar



Baðleikfang, Djeco  
tilboðsverð 1.590  
fullt verð 2.290



Fjölverkfæri krabbi  
tilboðsverð 2.290  
fullt verð 3.190



Panduro




Dough happy colours tilboðsverð 1.590 fullt verð 2.190  
Classic colours tilboðsverð 990 fullt verð 1.490

Barnaleikfang, Djeco  
tilboðsverð 2.690  
fullt verð 3.790



Naglaklippur,  
hendur og fætur  
tilboðsverð 790  
fullt verð 1.290



Kaffibollar  
tilboðsverð 1.690  
Fullt verð 2.290




Penni eins  
og göngustafur  
tilboðsverð 1.099  
fullt verð 1.599

Pakkabönd í setti  
tilboðsverð 750  
fullt verð 1.150



Panduro

Gjafapappír 5 rúllur í pakka  
tilboðsverð 1.290  
fullt verð 1.790



Ravensburger púsl

- 1000 bita tilboðsverð 2.490  
fullt verð 3.490
- 2000 bita tilboðsverð 3.790  
fullt verð 5.290
- 3000 bita tilboðsverð 3.890  
fullt verð 5.490



**BÓKABÚÐ  
MÁLS & MENNINGAR**  
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00  
[facebook.com/malogmenning](https://facebook.com/malogmenning)

# Stílbrot ársins 2017

Ríka og fræga fólkið mótast oft tiskuna, en stundum hleypur það á sig og velur klæðnað sem veður ekki endilega rétta tegund af athygli. Hér er brot af skrítnasta fatavali ársins.

Þá er enn eitt árið að enda. Mislífseigir tiskustráumar hafa fylgt þessu ári, eins og öðrum, en það má líklega fullyrða að klæðnaðurinn sem sést hér verði seint tiskufyrirbrigði sem ná mikilli hylli. Öllum verður á og það á líka við um fólk sem hefur efni á að ráða sér stílista. Þessar samsetningar sem sást á árinu standa upp úr af röngum ástæðum.



CeeLo Green, eða Gnárley Davidsson, vakti óhjákvæmilega athygli þegar hann mætti í þessu gulldressedi á Grammy-verðlaunahátíðina. Það fylgdi ekki sögunni hvort hann væri að reyna að klófesta hlutverk í næstu Star Wars-mynd.



Klæðnaðurinn á Met Gala á að vera óhefðbundinn, en líklega fór Helen Lasichanh, eiginkona Pharrells Williams, aðeins yfir strikið þegar hún mætti í þessum rauða búningi.



Jaden Smith er óvanaleg persóna og hann undirstrikaði það enn og aftur með því að mæta á Met Gala með dreddana sína, afskorna, í hendinni, eins og handtösku. MYNDIR/NORDIC-PHOTOS/GETTY



Jared Leto fer ótrúðnar slóðir í klæðaburði. Hann olli ekki vonbrigðum þegar hann mætti á MTV Europe Music Award verðlaunahátíðina í þessari litríku múnderingu.

## KÓSÝ NÁTTFÖT Í STÆRÐUM 42-58

Sjáðu úrvalið í netverslun [www.curvy.is](http://www.curvy.is) eða komdu í verslun okkar að Fákafeni 9

Curvy.is



### JÓLAOPNUN Í VERSLUN CURVY AÐ FÁKAFENI 9

9. DES - LAUGARDAGUR	11-18	15 - 22 DESEMBER	11-20
10. DES - SUNNUDAGUR	13-18	ÞORLÁKSMESSA	11-21
11-14 DESEMBER	11-18	AÐFANGADAGUR	11-13

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | [www.curvy.is](http://www.curvy.is)



Rita Ora ákvað að flækja málin ekkert með því að klæða sig þegar hún mætti á MTV Video Music Awards í sumar.



Það lítur eiginlega út eins og það hafi vantað efri helminginn á rykfrakkakjólinn sem Halsey mætti á Billboard-verðlaunahátíðina.



Lizzo mætti á MTV Video Music Awards í brúðarkjól, sem var tilvisun í myndbandið við lag hennar Truth hurts. En myndbandið var ekki komið út á þessum tímamarki, svo fáir föttuðu vísunina.



RuPaul veit eitt og annað um stíl og tisku en hann mætti samt í þessum jakkafötum á Emmy-verðlaunahátíðina í ár.

# GEFÐU GJÖF SEM GLEÐUR!



**Marmot** húfur.  
Verð frá 4.995,-



**Silva** Ranger S áttaviti.  
Verð 6.995,-



**Jetboil** Zip primus.  
Verð 17.995,-



**Black Diamond** Trail Back göngustafir.  
Verð 12.995,-



Mikið úrval af hönskum og vettlingum  
**Marmot, Smartwool, Dakine og Black Diamond.**  
Verð frá 3.995,-



**Smith** skiðahjálmar í miklu úrvali!  
Verð frá 9.995,-



**Marmot** Graviton 34 bakpoki.  
Verð 28.995,-



**Silva** Pocket 10 sjónauki.  
Verð 7.995,-



**Marmot** Featherless dömu úlpa.  
Verð 29.995,-



**Smith** skiðagleraugu í miklu úrvali!  
Verð frá 5.995,-



**Dakine** bakpoki með fartölvuhólf.  
Verð: 9.995,-



Hálkugormar og keðjur  
Verð frá 2.995,-



**Life System** Trek sjúkrataska.  
Verð: 3.995,-



Mikið úrval vandaðra höfuðljósa.  
Verð frá 3.995,-



**Laken** hitabrúsar.  
Verð frá: 3.995,-



**Marmot** Quasar Nova herra dúnúlpa.  
Verð 44.995,-



## JÓLATVENNA - 20% AFSLÁTTUR

**Scarpa** Mojito og **Smartwool** sokkar saman.  
Fullt verð: 23.690,- **Tilboðsverð: 18.952,-**

Þú finnur þessa og fleiri jólatvennur á [Fjallakofinn.is](http://Fjallakofinn.is)



### AFGREIÐSLUTÍMI TIL JÓLA

Fimmtudag og föstudag opið til kl. 22

Þorláksmessa opið til kl. 23

Aðfangadag opið 9-13 / Lokað á Reykjavíkurvegi

Minnum á vefverslun okkar [fjallakofinn.is](http://fjallakofinn.is) - Sendum frítt þegar verslað er fyrir 6.000 kr. og meira

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | [fjallakofinn.is](http://fjallakofinn.is)  

Gjafabréfin  
okkar eru  
tilvalin  
jólagjöf

# Fonda fagnar áttæðu

Jane Fonda fyllir átta tugi í dag. Hún fagnar afmælinu eins og hennar er von og vísa með fjáröflunarsamkomu en henni er umhugað um kynfræðslu unglunga og forvarnir.

Afleiðlega hátíð

Sóladagatal  
21. desember  
20%  
af öllum vörum

KRINGLUNNI | 588 2300

INDISKA

Erum að taka upp vorið 2018

**NÝTT** Netverslun á tiskuhus.is

My Style tiskuhús

Stærðir 38-52

mystyle f  
Holtasmára 1  
201 Kópavogur  
(Hjartaverndarhúsið)  
Sími 571 5464



Leikferill Fonda spannar 57 ár. Þessi mynd er tekin 1971 við tókur á myndinni Kute. NORDICPHOTOS/GETTY


Leikkonan og aðgerðasinninn Jane Fonda fagnar átta tugum í dag. Jane hefur látið sig ýmis baráttumál varða gegnum tíðina og stofnaði meðal annars samtök um að efla kynfræðslu til að sporna við ótímabærum þungunum unglunga í Georgíufylki í Bandaríkjunum. Afmælisveislan í dag verður einmitt fjáröflunarsamkoma til styrktar samtökunum.

Leikferill Jane Fonda spannar 57 ár og hófst á sviði á Broadway árið 1960 þar sem hún fór með hlutverk í *There Was a Little Girl* og var tilnefnd til tvennra Tony-verðlauna.

Meðal hennar frægustu hlutverka eru í *Barbarella* árið 1968, *Klute* árið 1971, *Nine to five* árið 1980 og *The Morning After* árið 1986.

Jane þykir hafa afar svalan fatastíl en hún gerði íþróttafatnað að stællegum tiskufatnaði löngu áður en tiskuhúsin fundu upp orðið „athleisure“.

Jane Fonda gaf út fjölda heilsuræktarmyndbanda á níunda áratugnum sem nutu mikilla vinsælda. Þá hefur hún rokkað rúllukraga og mittisháar síðbuxur í áratugi og blæs á allt tal um að fólk eigi að „klæða sig eftir aldri“.



Jane Fonda þykir hafa afar svalan og glæsilegan fatasmekk.

# SHIMANO®

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi



HJÓLREIÐAR



HLAUP



SUND



# RFR.

Við endurgreiðum einn NEO í desember!

## Tacx

Tacx Flux Smart  
Verð: 119.990kr

## Tacx

Tacx NEO Smart  
Verð: 209.990kr

# Tacx Vortex Smart

\*Tacx Vortex Smart - Verð 67.990kr\*

\*Tacx Satori Smart - Verð 44.990kr\*

## Tacx



# WWW.TRI.IS

## #cube\_your\_life!

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

# Rolf PRIMA

Verzlunin er opin:  
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00  
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00



Ljósir skór eru klassískir og fara aldrei úr tísku.

## Skotheldir skór

Flestar konur vilja skarta sínu fegursta um jólin og margar hafa keypt sér ný fót en eru í vandræðum með að finna réttu skóna. Ef valið er erfitt eru drapplitaðir háhælaðir skór alltaf skotheldir. Slíkir skór hafa þann góða kost að fara aldrei úr tísku og þeir passa við nær allan fatnað, hvort sem um er að ræða kjóla, pils eða buxur. Margar konur vilja ekkert annað en drapplita skó því þeir eru ekki áberandi eins og bleikir, rauðir eða grænir skór sem virka oft dálítið æpandi. Hins vegar njóta fötin sín betur þegar skórnir eru drapplitir og leggirnir virka lengri. Þegar skór í þessum lit eru keyptir er um að gera að máta nokkra tóna af drapplit og finna þann sem hentar þínum húðlit best.

» Drapplitir háhælaðir skór passa vel við flest jóladress en rauðir skór eru alltaf jólalegir.



## Jólaglimmer á andlitið

Glitrandi gull, silfur og allir regnbogans litir setja kremið á kókuna þegar kemur að jólaförðun ársins. Jólin eru árstíð kærleika, fegurðar og gleði og fyrirskipan tiskurisanna er að skína jafn skært og Betlehemsstjarnan þegar kemur að sindrandi skíni ljóssins í eigin persónulegu útliti. Glimmer og glamúr eru boðorð tiskuheimisins á jölunum nú og dramatísk, glitrandi augnförðun í anda diskóáranna er vel við hæfi, enda hefur diskótímabilið verið mörgum hönnuðum hugleikið að undanförunu. Sanserað gloss á varir, glit í kinnalitnum og nóg af geislandi glimmeri á augun, helst í jölaraudu eða grænu!

## Tvöfaldur andlitsþvottur

Húðin getur þornað á veturna og margir eyða miklum fjármunum í alls kyns húðmeðferðir til að fá skínandi fallega húð. Tiskutímaritið Elle skrifar að ekki sé nægilegt að hreinsa húðina einu sinni áður en gengið er til náða heldur þurfi að gera það tvisvar. Fyrst skal hreinsa allan farða vel af og síðan þrifa húðina. Að sjálfsgöðu er húðin mismunandi og sumir eru heppnari en aðrir hvað það varðar. Sérfræðingur segir að ráðleggingar um tvöfalda hreinsun komi frá Asíu. Þar nota konur olíu til

að hreinsa af förðun og sólvörn, síðan hreinsa þær andlitið með andlitsvatni eða -froðu. Þegar húðin er þrifuð að kvöldi er nauðsynlegt að allur farði sé þveginn burtu með andlitsvatni. Húðin er ekki nægilega þrifuð á meðan enn kemur farði í bómullina. Inn á milli getur verið gott að fara í svokallað „peeling“ á snyrtistofu til að ná upp góðri hreinsun á dauðum húðfrumum. Einnig eru til grófkorna krem í apótekum, eða krem með síru sem hægt er að nota annað slagð heima til að fá betri húð.



Húðin skiptir máli og þarf góða umönnun í kulda.

# SKATA

# 1.390

kr/kg

SAMA VERÐ 4 ÁRÍÐ Í RÖÐ

### STYRKLEIKAR Á SKÖTU

#### -1.skref.

Fyrir byrjendur. Lítið kæst og ósöltuð skata. Mjög milt skötubragð.

#### -2.skref

Kæst og léttisöltuð. Mest selda skata. Mjög mild og góð. Gott skötubragð. Hentar í allar skötuveislur.

#### -3.skref

Kæst og ósöltuð. Fyrir þá sem eru lengra komnir. Vel kæst og mikill styrkur í kæsingunni.

#### -4.skref.

Vestfirzsk skata. Hrikalega kæst. Missir andann. Aðeins fyrir vana.

#### -5.skref.

Vel kæst gráskata. Þessi skata er sterk. Vel kæst og síðan er hún þurrkuð, hengd upp.

# HUMAR

MARGAR STÆRDIR VERÐ FRÁ

# 3.600

kr/kg

## HUMARSÚPA

### FISKIKÓNGSINS

## SKELFLETTUR

### HUMAR



## Fiskikóngurinn

Sogavegi 3  
Höfðabakka 1  
Sími 587 7755

## OPIÐ

22. DESEMBER 8-20

23. DESEMBER 8-20

24. DESEMBER 9-12

# Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allan virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

## Bílalíf



### FRÁBÆRT VERÐ!

VOLVO XC60 D4 MOMENTUM.  
Árg.2016,ek.55 P.KM,dísel,  
sjálfskiptur,Verð 4.990.000.  
Rnr.247523,á staðnum. S. 5621717.

### Bílalíf

Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
Opíð 10-18 virka daga  
www.bilalif.is

## Hjólbarðar

## VAKA



### NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

#### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

### REGNBOGALITIR EHF

Alhliða málningarpjónusta löggilttra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



Borgarafl ehf - Kranaleiga  
Gott verð  
Sími 660 1701 eða 660 1704

## Keypt & Selt

## Til sölu



Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SERFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Þöntunarsími: 867 6677



### LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hrynd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnara til þess að auðveldu opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar



Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar  
Sjá árið  
**Vandaðir krossar á leiði!**  
JS LJÓSASMÍÐJAN  
VÉLAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN  
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.



Þjóðlagagítarpakki. Kr. 23.900,-. Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennslforrit. Opíð alla daga til jóla. Gítarinn ehf Stórhöfða 27. S: 552 2125 www.gitarinn.is

## MERINO ULLARNÆRFÖT



Kr. 5.990



Kr. 5.490

**MERINO ULLARNÆRFÖT**  
Mjúk og hlý nærföt í störf og leik  
100% merino ull  
stærðir S - XXL

Vesturröst  
Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrrost.is



Vissir þú að...  
Barnaheill  
Save the Children í Íslandi  
þú getur tekið áttíðni um barnaheill og verið með til að tryggja barnaheill.

## Óskast keypt

### KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar  
Laugavegi 61 Jón & Óskar  
jonogoskar.is s.552-4910

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og aksturmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

### HÚSNÆÐI TIL LEIGU:

165 fm húsnæði á götuhæð að Nýbýlavegi 8 með inngang og glugga að Nýbýlavegi. Húsnæðið hefur verið nýtt undir matvælaframleiðslu, og hentar afar vel undir veitingastað eða matvælaframleiðslu.

Nánar: hafsteinn@lundurfasteignir.is

## Geymsluhúsnæði

### WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m<sup>2</sup>. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun



## HÖNNUN

### VERKFRÆÐITEIKNINGAR

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com



Fáðu þér appið!

## Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

## FAST

Ráðningar

lind@fastradningar.is  
mjoll@fastradningar.is  
www.fastradningar.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

## Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjúlundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!  
Kíkjðu á facebook síðu okkar:  
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Verið hjartanlega velkomin.


Tímabantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com  
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

## viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

## íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



## Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991  
rafstilling@rafstilling.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíð 2. áfangi.

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18.12.2017 breytingar, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, á deiliskipulaginu Skarðshlíð 2. áfangi.**

Breytingarnar fela í sér tilfærslu byggingarreita húsa, fyrirkomulag bílastæða við hús og endurskoðun á skilmálum skipulagsins. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 20.12.2017 ofangreindar breytingar á deiliskipulagi Skarðshlíðar 2. áfanga og að með málið verði farið samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhelli 2, frá 21.12. 2017 til 01. 02. 2018 og á [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 1. febrúar 2018. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagsþjónustu. Skipulagsfulltrúi.

**HAFNARFJARÐARBÆR**  
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR  
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**  
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00  
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



HÖRGÁRSVEIT

## Hjalteyri í Hörgársveit tillaga að deiliskipulagi

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum þann 14. desember 2017 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Hjalteyri skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið miðast við þéttbýlismörk Hjalteyrar í aðalskipulagi Hörgársveitar. Svæðið nær til Hjalteyrarskóla í vestri, norður að Arnarholti, að undanskildum Eyrarbakka, Hvammi og Arnarholti, suður yfir núverandi tún við Hjalteyrarbraut og til sjávar í austri. Skipulagssvæðið er um 80,5 ha að flatarmáli.

Tillagan mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá 21. desember 2017 til og með 1. febrúar 2018.

Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu Hörgársveitar á [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is). Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er þannig gefinn kostur á að kynna sér tillöguna og gera athugasemd við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins, Skólalatröð 9, 601 Akureyri, eða á netfangið [vigfus@sbe.is](mailto:vigfus@sbe.is) í síðasta lagi þann 1. febrúar 2018.

f.h. Hörgársveitar  
Vigfús Björnsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi

**ráðum**  
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)

## Störf hjá Persónuvernd

Persónuvernd stendur á miklum tímamótum þar sem umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar á evrópskri persónuverndarlöggjöf. Breytingarnar snerta alla borgara, stofnanir og fyrirtæki landsins – og eru svar löggjafans við tæknibyltingunni og hinni gríðarlegu upplýsingasöfnun og úrvinnslu persónuupplýsinga sem henni fylgir. Vegna þessa eru nú auglýstar til umsóknar fimm nýjar stöður hjá Persónuvernd. Leitað er að framúrskarandi einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni með samhentun teymi hjá Persónuvernd.

### TVÆR STÖÐUR SÉRFRÆÐINGA Á SVIÐI UPPLÝSINGAÖRYGGIS

Helstu verkefni:

- Ráðgjöf til stofnana, fyrirtækja og almennra borgara.
- Mat á öryggi persónuupplýsinga m.a. með hliðsjón af innbyggðri og sjálfgefni persónuvernd.
- Mat á áhrifum um persónuvernd (DPIA) og ábyrgðarskylda.

Upplýsingar og umsókn  
**[capacent.is/s/6184](http://capacent.is/s/6184)**

Menntunar- og hæfniskröfur:

- BS-gráða í tölvunarfræði, eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af úttektum á upplýsingakerfum er kostur.
- Reynsla af upplýsingaöryggismálum er kostur.
- Nákvæmi, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum.
- Samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum er skilyrði.

### TVÆR STÖÐUR LÖGFRÆÐINGA

Helstu verkefni:

- Hefðbundin lögfræðistörf, m.a. vinna að úrskurðum í ágreiningsmálum og álitum.
- Afgreiðsla fyrirspurna.
- Önnur verkefni sem forstjóri kann að fela starfsmanni, m.a. vegna fyrirsjáanlegra breytinga á verkefnum Persónuverndar.

Upplýsingar og umsókn  
**[capacent.is/s/6185](http://capacent.is/s/6185)**

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði.
- Mikil áhersla er lögð á gott vald á íslensku og ensku auk færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Þekking á Norðurlandamáli er kostur.
- Nákvæmi, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum er skilyrði

### SKRIFSTOFUSTARF MEÐ ÁHERSLU Á SKJALAVINNSLU

Helstu verkefni:

- Almenn skrifstofustörf.
- Skjalavinnsla/málaskráning.
- Aðstoð í rekstrarmálum.
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann.

Upplýsingar og umsókn  
**[capacent.is/s/6186](http://capacent.is/s/6186)**

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentsþróf, háskólaþróf á sviði skjalavörslu er kostur.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum og málaskráningu er skilyrði.
- Þekking á færslu bókhalds er kostur.
- Nákvæmi, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum.
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum er skilyrði.



Persónuvernd

Persónuvernd er sjálfstætt stjórnvald sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglna settra samkvæmt þeim. Eitt af helstu verkefnum Persónuverndar er að ráðleggja og leiðbeina þeim sem vinna með persónuupplýsingar. Persónuvernd er fjölskylduvænn og samhentur vinnustaður. Persónuvernd var stofnun ársins 2017 í flokki minnstu stofnana.

Umsóknarfrestur  
**11. janúar**